

Nr. 157 / 10 Lágey ÞH 265***Eldur í vélarrúmi***

Skipaskr.nr. 2651
Smíðaður: Akranesi 2005, plast
Stærð: 11,38 brl. 14,79 bt.
Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 10,99 m
Breidd: 3,95 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Yanmar 314 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 2



Lágey©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. desember 2010 var Lágey ÞH 265 á siglingur 12 sml suður af Bjargtöngum. Veður: VNV 8-20 m/s. (Bjargtangar kl. 15:00)

Skyndilega stöðvaðist vélin og þegar vélstjóri kom í vélarrúm fann hann ekki neina ástæðu fyrir stöðvuninni. Var vélin því ræst að nýju og siglingu haldi áfram. Nokkru síðar fór eldviðvörðunarkerfið í gang og þegar skipverjar komu í vélarrúm stóð reykur og eldur úr rafmagnstengingu. Eldurinn var fljótt slökktur með vatni og var vélin ræst að nýju.

Skipstjóri lét strandstöð vita af vandræðunum og bað um að haft yrði eftirlit með þeim. Björgunarskipið Vörður II kom frá Patreksfirði og fylgdi Lágey ÞH til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að ummerki brunans voru lítil en vírar og snertur í rofa, fyrir startara og ádreparaspólu, höfðu skemmst nokkuð og rofnaði straumrásin svo vélin varð ekki stöðvuð nema handvirkt á gangráð;
- að við skoðun á brunastað kom í ljós að boltar í tengingu á sjólögn að skolloftskæli voru ekki nægjanlega hertir. Dropað hafði úr losaralegri tengingunni svo sjór komst í tengidósina með þeim afleiðingum að hitamyndun varð;
- að verið var að sigla bátnum frá Sandgerði til heimahafnar eftir viðamikla viðgerð á skrokk og vélbúnaði. Vélin var ekki búin að ganga lengi frá því hún var sett saman að nýju en siglt hafði verið í um átta tíma;

- að vélstjóri sagðist ekki hafa athugað sérstaklega tengingar á lögnum eftir að viðgerðarmenn höfðu lokið störfum fyrir brottför en eftir að báturinn kom í heimahöfn voru þjónustuaðilar fengnir til að yfirfara allar tengingar á vélinni.

Nefndarálit:

Orsök brunans var ófullnægjandi frágangur viðgerðaraðila.